

---

# Aðgerðir í menntamálum: Fjölgum kennurum

---

Lilja Alfreðsdóttir  
mennta- og menningarmálaráðherra



---

# Öflugt menntakerfi er forsenda framfara

---

- Hugarfarið „*Mennt er máttur.*“
- Viðurkenning á störfum kennara
- Allir geta lært



---

# Yfirlit

---

- I. Eflum menntun á Íslandi – menntastefna til 2030
- II. Bregðast þarf við kennarapörf
- III. Viðurkenning á störfum kennara
- IV. Önnur ríki hafa brugðist við



---

# I. Eflum menntun á Íslandi – menntastefna til 2030

---

- |   |                  |   |
|---|------------------|---|
| 1. Læsi og íslenskan                    | haust 2018       | ✓ |
| <b>2. Nýliðun kennara</b>               | <b>mars 2019</b> | ✓ |
| 3. Færni framtíðar                      | á áætlun         | ✓ |
| 4. Verk-, iðn-, starfs- og tæknigreinar | á áætlun         | ✓ |
| 5. Lánasjóður íslenskra námsmanna       | á áætlun         | ✓ |
| 6. Endurskoðun námskrár grunnskóla      | á áætlun         | ✓ |
| 7. Fjármögnun og gæði háskólastigsins   | á áætlun         | ✓ |
| 8. Símenntun og endurmenntun            | á áætlun         | ✓ |



---

## II. Bregðast þarf við kennarapörf


---

- Innritun í leik- og grunnskólakennaranám hefur dregist saman um 40% frá 2008
- Háskólarnir ná ekki að brautskrá nægilega marga kennara til að mæta þörfum fyrir nýliðun – þarf 270 árlega en meðaltalið er tæplega 90 síðastliðin 4 ár
- Frá árinu 2014 hafa aðeins útskrifast 354 grunnskólakennarar og 70 leikskólakennarar
- Hátt brotthvarf er meðal nýliða í kennslu, einkum fyrstu þrjú starfsár þeirra
- 2032: 1.500 – 2.270 framtíðarpörf




## II. Bregðast þarf við kennarapörf

Brautskráningar B.Ed: Leikskólafræði: 80% fækkun - Grunnskólafræði: 67% fækkun



# II. Bregðast þarf við kennarapörf

## Kennarapörf í grunnskólum






### III. Viðurkenning á störfum kennara

„Mikilvægt er að stuðla að viðurkenningu á störfum kennara, efla faglegt sjálfstæði þeirra og leggja áherslu á skólaþróun á öllum skólastigum. Bregðast þarf við kennaraskorti í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga.”

*Sáttmáli ríkisstjórnarinnar*





# III. Viðurkenning á störfum kennara

Viðamikið og gott samstarf skóla, ríkis, sveitarafélaga og atvinnulífsins



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Háskólinn  
á Akureyri



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland Academy of the Arts



KENNASAMBAND  
ÍSLANDS



*Samtök iðnaðarins*



**Stjórnarráð Íslands**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið



**Stjórnarráð Íslands**

Fjármála- og efnahagsráðuneytið



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

# III. Viðurkenning á störfum kennara

---

## VIÐ VILJUM:

- **Fjölga** kennurum
- Efla **starfsnám** kennaranema
- Hvetja kennaranema til þess að **klára nám** sitt á **tilsettum tíma**
- Fjölga kennurum sem hafa sérþekkingu á **leiðsögn við kennaranema** og **nýútskrifaða kennara**

## VIÐ ÆTLUM:

- Að setja ný lög **um menntun og ráðningu**
- Að **bjóða** nemendum á lokaári launað starfsnám
- Að **bjóða** nemendum á lokaári námsstyrk
- Að **styrkja** reynda kennara til að sérhæfa sig í starfstengdri leiðsögn



---

## III. Viðurkenning á störfum kennara

Heildstæð aðgerðaráætlun í fimm liðum:

---

1. Launað starfsnám á lokaári M.Ed.
2. Námsstyrkur til kennaranema á lokaári M.Ed.
3. Styrkur til starfandi kennara í nám í starfstengdri leiðsögn og markviss leiðsögn nýliða
4. *Leiðir til stuðnings við kennaranema við Listaháskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík*
5. *Leiðir til stuðnings við annað kennaranám s.s. framhalds- og tónlistarskólakennara*



---

# Aðgerð 1: Launað starfsnám

---

- Nemendum á lokaári M.Ed. náms til kennsluréttinda á leik- og grunnskólastigi býðst launað starfsnám frá og með næsta hausti.
- Markmiðið er að hvetja nemendur til þess að klára nám sitt á tilsettum tíma og að þeir hefji störf sem fyrst að námi loknu.
- Starfsnámið skal vera í minnst 50% starfshlutfalli við leik- eða grunnskóla í eitt skólaár og fá nemendur greitt samkvæmt kjarasamningi.
- Kennaranemar njóta leiðsagnar reynds kennara á vettvangi og þess verður gætt að þeir hafi jafnframt svigrúm til að vinna að lokaverkefnum sínum.



---

## Aðgerð 2: Námsstyrkir til kennaranema

---

- Nemendur á lokaári M.Ed. náms til kennsluréttinda á leik- og grunnskólastigi geta sótt um námsstyrk frá og með næsta hausti
- Markmið styrksins er að auðvelda nemendum að sinna lokaverkefnum sínum samhliða launuðu starfsnámi og skapa hvata til þess að nemendur klári nám sitt á tilsettum tíma
- Styrkurinn nemur alls 800.000 kr. og greiðist í tvennu lagi
- Fyrri greiðslan er bundin við skil verkefnisáætlunar lokaverkefnis og hin síðari við skil á lokaverkefni innan ákveðins tíma





---

## Aðgerð 3: Styrkir til starfandi kennara

---

- Leiðsagnakennarar skipta lykilmáli við að sporna gegn brotthvarfi nýútskrifaðra kennara
- Mesta hættan er á brotthvarfi fyrstu þrjú árin í starfi
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun styrkja HÍ og HA til að fjölga útskrifuðum kennurum með sérhæfingu í starfstengdri leiðsögn
- Námið er þrjár annir og er sniðið að starfandi kennurum



---

## Aðgerð 4: Leiðir til stuðnings við kennaranema við LHÍ og HR

---

Ráðuneytið mun í samvinnu við Listaháskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík vinna tillögur og kostnaðargreiningu

---

## Aðgerð 5: Leiðir til stuðnings við annað kennaranám s.s. framhalds- og tónlistarkennara

---

Ráðuneytið í samvinnu við háskólana og Samband íslenskra sveitarfélaga mun greina hvort útfærsla á annars konar launuðu starfsnámi henti eða hvort finna þurfi aðra hvata og stuðning fyrir þessa kennaranema



---

## III. Viðurkenning á störfum kennara

### Umfang aðgerða

---

- Umfang aðgerðanna er 1.585 m.kr til ársins 2025.
- Áætlaður kostnaður vegna námsstyrks 1.560 m.kr
- Áætlaður kostnaður vegna náms í starfstengdri leiðsögn 25. m.kr







Sú braut sem menntun markar  
hverjum manni ákvarðar  
framtíð hans.



---

# III. Viðurkenning á störfum kennara

Nýtt frumvarp um menntun og ráðningu

---

## VIÐ VILJUM:

- **Tryggja réttindi** og starfsöryggi kennara á skólastigunum þremur
- **Auka sveigjanleika** kennara og samfelli milli skólastiga
- **Fjölga** kennurum
- **Fjölga tækifærum** kennara til starfsþróunar og auka gæði skólastarfs
- Draga fram **mikilvægi kennarastarfsins** og þá sérhæfðu hæfni sem starfið krefst

## VIÐ ÆTLUM:

- Að lögfesta ákvæði um **hæfniramma** kennara
- Að gefa út **eitt leyfisbréf** til kennslu sem byggir á **hæfni** kennara
- Að stuðla að því að leyfisbréf kennara ásamt **hæfni** þeirra sé **grundvöllur ráðninga**
- Að lögfesta **kennararáð**







## IV. Önnur ríki hafa brugðist við

Menntakerfi eru borin  
uppi af kennurum sem  
leggja grunn af öllum  
öðrum störfum í  
samfélaginu.



---

## IV. Önnur ríki hafa brugðist við

---

**Noregur:** Sértekir styrkir til kennaranema í gegnum námslánakerfið til að styra flæði kennara inn á þau svæði þar sem þörfin er mest og fá fleiri kennara til að stefna á kennslu yngri barna

**Svíþjóð:** Sérstakur styrkur sem gerir kennurum og starfsfólki frístunda kleift að bæta við menntun sína og auka þar með starfsmöguleika.

**Bretland:** Aukinn persónuafsláttur til þeirra sem klára kennaranám á tilteknum tíma og fara að kenna í grunnskólum

**Nýja Sjáland:** Kennurum í enskumælandi löndum boðið 5.000\$ í flutningsstyrk ef þeir koma til að kenna á Nýja Sjálandi





